

Umhverfisnefnd Heiðarskóla

1. fundur 10. September 2021

Mættir:

1. Bekkur Róbert Logi
2. Bekkur Gunnjóna
3. Bekkur Ástrós Jóna
4. Bekkur Haukur Logi
5. Bekkur Lóa Arianna
6. Bekkur Veronika
7. Bekkur Oddur
8. Bekkur Arna Rún
9. Bekkur Berglind Ýr
10. Bekkur

Helena Bergström, Sigríður Vilhjálmisdóttir , Sigríður Lára og Þórdís sem ritar fundargerð.

- Helena býður nýja umhverfisnefnd velkomna og fer yfir verkefni og hlutverk nefndarinnar. Nefndin hugsar fyrst og fremst um hvað við getum gert til að lágmarka umhverfisáhrif skólans t.d. að minnka plastnotkun. Nefndin hjálpar einnig til við að skipuleggja dag íslenskrar náttúru, matarsóunarverkefni, dag umhverfisins, jól í skókassa, survivordaginn o.fl.
- Plastlaus september er t.d. verkefni til að hjálpa okkur við að komast í gang með að draga úr plastnotkun. Hér í skólanum erum við hætt að nota plastpoka í ruslatunnur og við ætlum að draga úr notkun á plathönskum í matsal þ.e. að starfsmenn annað hvort láti skammta sér eða þrifi sig vel og sótthreinsi áður en þeir skammta sér mat.
- Dagur íslenskrar náttúru er í næstu viku (16. september) og verður haldinn í Álfholtsskógi. Stigin eru saman með sínum kennurum og eru saman í náttúruskoðun og verkefnum. Hugmynd um að hafa stöð þar sem hægt er að grilla pylsur í deigi.
- Helena segir frá jól í skókassa þökkunum sem fóru til Perú í fyrra. Vegna covid-19 var þakinn u.þ.b. 9 mánuði á leiðinni.
- Umhverfisnefndin velur þema fyrir skólaárið í Grænfanaverkefninu. Við byrjum að vinna verkefni tengd þemanu í þemavikunni í október. Nefndin ákveður að unnið verði með þemað *vátn* á þessu skólaári.